

## Innri mat

# Skýrsla fyrir skólaárið 2014-2015

### Inngangur

Skólaárið 2014 – 2015 var áætlað að skoða tækjabúnað, notkun og óskir um innkaup. Einnig erum við þátttakendur í Skólapúlsinum, nemendahlutans sem nær til nemenda í 6.-7. bekk.

### Rannsóknin

Í starfsáætlun skólans eru skipulagið fyrir Innramatið svohljóðandi.

2014-2015	Aðbúnaður.	Að meta aðstæður og gögn sem til eru í skólanum og bæta við þar sem vantar.	Starfsfólk skrái niður það sem til er og búi til lista yfir það sem nauðsynlegt er að bæta við.
-----------	------------	---	---

### Lýsing

Kennarar voru beðnir um að skrá hjá sér hvað tæki þeir nota og hvað tæki þeim langaði að bæti við á næstum árum.

Kennarar höfðu tvær vikur til að vinna þetta verkefni og svo voru upplýsingarnir innheimtar. Skólanefndin var upplýst um framkvæmdina og var farið yfir listana frá kennurum á fundi 21. apríl.

Starfsmenn	Skjávarpí	Far- og spjaldtölvur	Ljósritunnarvél	Myndavélar	Myndbands upptöktæki	Sagir/ borvélar	Brenni penni/ slípuvél	Sauma vél
1	x	x	x					
2	x	x		x	x			
3	x	x						
4		x				x	x	
5	x	x	x	x				
6	x	x	x	x	x			x
7	x	x	x	x	x			x
8	x	x	x	x	x			

## Niðurstaða úr könnun kennara

Óskir frá kennurum	Úrbætur - áætlun
Litil ferðahátalari	Haustið 2015 stefnum við á því að kaupa 2 stk ferðahátalara
Geirungssög ekki rafmagn	Vorönn 2016
Heyrnahlífar	Vorönn 2015, 3 stk., 2 stk. verða keypt á vorönn 2016
Tífsagir	Vorönn 2016, 1 stk. Vorönn 2017, 1 stk
Hleðsluborvél	Haustönn 2015
Kúbein	Haustönn 2015
Handsagir	Vorönn 2015, 2stk
2 stk skerstockar	Vorönn 2015, 1 stk Haustönn 2015, 1 stk
Boltapumpa rafmagns	Vorönn 2015
Hjólaborð í Bókasafn	Vorönn 2016
Hljóðfæri - sett	Haustönn 2016

## Helstu niðurstöður úr skólupúlsinum

Skólupúlsinn er könnun sem lögð er fyrir tvisvar á ári og nær til nemenda í 6. og 7. bekk. Spurningar tengjast líðan og umhverfi nemenda í skólanum. Við kynnum okkur niðurstöður skólupúlsins vel og nýtum okkur þær til þess að bæta líðan nemenda í skólanum.

Á skólaárinu 2014-2015 voru niðurstöður þær að líðan barna í Þjórsárskóla var yfir landsmeðaltali. Nemendum fannst almennt skemmtilegt í skólanum, fannst kostur hvað hann er fámennur, allir þekkja hver annan og kennarar næðu að sinna þeim sem á þyrftu að halda. Þá nefndu nemendur einnig útinám og matarræði sem kosti. Gallar sem nemendur bentu á við skólann voru að lítið væri af leiktækjum á skólalóðinni og ekki væri alltaf vinnufriður í öllum tímum. Einnig mættu kennarar vera duglegri að setja heimavinnu inn á mentor.

Úrbætur: Á næsta skólaári fá nemendur tækifæri til þess að koma með hugmyndir af því hvernig megi bæta skólalóðina. Áhersla verður einnig lögð á það að kennarar setji inn alla heimavinnu á mentor. Núna í vetur hafa kennarar verið að vinna að því að bæta skólabrag almennt t.d. bekkjaranda og agastjórnun í kennslustundum. Til þess að aðstoða okkur höfum við fengið vinnustaðasálfræðing til þess að vera með námskeið og starfmaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings hefur komið inn í bekk og ráðlagt okkur hvað við getum bætt og hvernig.

### Lokaorð

Til þess að kennarar geti unnið vinnuna sína eftir bestu getu þá er nauðsynlegt að þeir hafi við hendina þau tæki og tól sem þeir þurfa. Með þessari rannsókn þá fengum við fram óskir kennara sem við munum síðan mæta eftir bestu getu á næsta skólaári.

Þá er mikilvægt að það komi fram að mikil ánægja er í kennarahópnum með tölvur, spjaldtölvur og skjávarpa sem við höfum fengið. Þetta styður við grænfána skólann okkar. Það er ljósritað minna og kennsluhættir eru fjölbreyttari.

Við nýtum okkur niðurstöður skólapúlsins til þess að fylgjast með og bæta líðan nemenda skólans. Hins vegar ber að gæta þess að alhæfa ekki út frá niðurstöðunum þar sem nemendahópurinn er fámennur.